

## Valgreinar í 8., 9. og 10. bekk 2012-2013

---

Valgreinar á unglíngastigi eru hluti af skyldunámi nemenda. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er fyrst og fremst sá að gera hverjum og einum kleift að skipuleggja nám sitt út frá áhugasviði og framtíðaráformum. Því er mikilvægt að nemendur lesi þetta hefti vandlega með foreldrum/forráðamönnum og/eða kennara og námsráðgjafa og velji þær greinar sem þeir telja henta sér.

### Val innan skóla

---

Hér er að finna upplýsingar um valgreinar sem verða í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2012-2013. Valið er tvískipt í 8. og 9. bekk annars vegar val innan list- og verkgreina (sem er skylduval) og hins vegar frjálst val þar sem nemendur geta valið það sem hugurinn girnist bæði bóknám og/eða meira af list- og verkgreinum. Val í 10. bekk er eingöngu frjálst val hvort heldur sem nemendur kjósa bóknám eða nám í list- og verkgreinum.

### Val utan skóla

---

Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið nám við t.d. tónlistarskóla, myndlistarskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem tvær kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi metna til tveggja vikustunda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað.

### Fjöldi val tíma

---

Athugið að heildarkennslustundafjöldi á að vera 37 vikustundir í 8.-10. bekk en kjarnagreinar eru 29 kennslustundir. Valmöguleikar eru því eftirfarandi í einstökum árgöngum:

- 8. bekkingar 4 kennslustundir í bundnu vali (2 námsgreinar) og 4 kennslustundir í frjálsum vali (2 námsgreinar).
- 9. bekkingar 2 kennslustundir í bundnu vali (1 námsgrein) og 6 (7) kennslustundir í frjálsum vali (3 námsgreinar).
- 10. bekkingar 8 (9) kennslustundir í frjálsum vali (4 námsgreinar).

### Aðalval og varaval

---

Það skal tekið fram að skólinn getur ekki tryggt að hægt verði að koma til móts við óskir allra nemenda varðandi aðalval og mun þá næsti kostur, varaval nemenda, tekinn í staðinn. Einnig áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um

valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða ef kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

### Bindandi val

Þá skal tekið fram að val nemenda er bindandi og felur í sér yfirlýsingu nemanda um að hann muni leggja sig fram um að standast þær kröfur sem gerðar eru í hverri grein fyrir sig.

Það er því mjög mikilvægt að nemendur vandi valið og íhugi gaumgæfilega hvaða valgreinar henta þeim best.

### Efnisyfirlit

Badminton 08, 09 og 10 .....	4
Bakstur 08, 09 og 10.....	4
Blak 08, 09 og 10.....	4
Bókfærsla fjarnám 09 og 10.....	4
Bresk menning og erlend samskipti 10 .....	5
Danska - vinabekkjasmstarf 09 og 10 .....	5
Efnafræði 09 og 10 .....	6
Enska–undirstöðuatríði 08, 09 og 10.....	6
Enska framhald – kvikmyndir/söngleikir/textavinna 09 og 10 .....	6
Enska framhald – tónlist 09 og 10 .....	7
Erlend samskipti – Lettland 10.....	7
Félagsmálafræði 08, 09 og 10 .....	8
Fyrsti des 10.....	8
Franska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi.....	8
Góða veislu gjöra skal – matur og menning framandi landa 09 og 10.....	9
Heimilisfræði 08, 09 og 10 .....	9
Heimanám 08, 09 og 10.....	9
Heimspeki 09 og 10 .....	10
Hraðlestur og námstækni 08, 09 og 10.....	11
Íslenska - undirstöðuatríði og upprifjun 08.....	11
Íslenska - undirstöðuatríði 09 og 10 .....	11
Íslenska fyrir lengra komna 09 og 10.....	12
Íslenska 103 10.....	12

Íþróttir og heilsa 08, 09 og 10.....	13
Kvikmyndfræði 09 og 10 .....	13
Myndmennt 08 .....	14
Myndmennt 09 .....	14
Myndmennt 10 .....	14
Prjónaval 08, 09 og 10.....	15
Ritun 08, 09 og 10.....	15
Saumar 08.....	15
Saumar/hönnun 09 og 10.....	15
Seinni heimsstyrjöld í kvikmyndum 09 og 10 .....	16
Skapandi ferli, endurnýting, sjálfbærni 08, 09 og 10.....	16
Smíði 08, 09 og 10.....	17
Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi.....	17
SPÆ 103 - framhaldsskólaáfangi .....	17
Skólakór Valhúsaskóla 08, 09 og 10 .....	18
Stærðfræði - undirstöðuatriði 09 og 10.....	18
Stærðfræði fyrir lengra komna 08, 09 og 10.....	18
Stærðfræði 103 – framhaldsskólaáfangi 10 .....	18
Stíll og tíska 10 .....	19
Stjörnufræði 10 .....	19
Söng- og leiklist 08, 09 og 10 .....	20
Tónmennt 08, 09 og 10.....	20
Tölvufræði 08, 09 og 10 .....	21
Útivist og hreyfing 08, 09 og 10.....	21
Yndislestur 08, 09 og 10.....	22
Yoga 08, 09 og 10.....	22
Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi.....	22
Nám utan skóla 08, 09 og 10.....	23
VARAÓSKIR .....	23

## Badminton 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í badminton í skólaíþróttum. Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í grunnsögum s.s. forhönd, bakhönd, uppgjöfum, smassi o.s.frv. Nemendur læra reglur bæði í einliða- og tvíliðaleik. Áhersla er lögð á hreyfingar á vellinum, árangursríkar staðsetningar bæði í sókn og vörn. Stefnt er að því að fara í heimsókn í Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur og fá leiðsögn reyndra badmintonþjálfara. Nemendur fá þar tækifæri til að spila badminton í sérstöku badmintonhúsi sem er skemmtileg upplifun og ákveðin reynsla.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni. Kennslugögn: Íþróttafatnaður

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Bakstur 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Megináhersla er lögð á mismunandi bakstursaðferðir, s.s. ger- og lyftiduftsbakstur þar sem bakaðar verða bollur og múffur, sætabrauð úr þeyttu, hrærðu og hnoðuðu deigi og hrákökur. Kennt er að vega og mæla og nemendur eiga að geta breytt g í dl og öfugt. Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hvernar kennslustundar

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt útg. Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og blöð um bakstur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Blak 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í blaki í skólaíþróttum. Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í grunnsögum blakíþróttarinnar s.s. fingurslagi, fleyg, uppgjöfum, smassi, laumum o.s.frv. Með aukinni færni nemenda í grunnsögum opnast nýr heimur með fjölbreyttum, skemmtilegum og meira krefjandi blakæfingum. Leitast er við að auka skilning nemenda á blakíþróttinni og leikskipulagi. Stefnt er að því að nemendur fái tækifæri til að spila æfingaleik við öldungalið Gróttu og hugsanlega fá nemendur að fara í heimsókn til blakdeildar HK í Kópavogi sem er rómuð fyrir gott yngri flokka starf. Valgreinin er að mestu leyti verkleg.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni.

**Kennslugögn:** Íþróttafatnaður

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Bókfærsla fjarnám 09 og 10

Boðið er upp á bókfærslu í fjarnámi. Þó svo að um fjarnám sé að ræða geta nemendur leitað til kennara eftir þörfum auk þess sem líklegt er að kennari kalli hópinn saman

u.þ.b. tvisvar á önn, eða eftir þörfum.

**Námslýsing:** Verkefni eru færð í *dagbók* og *höfuðbók* þar sem eftirfarandi reikningar eru notaðir: sjóðsreikningur, vörukaupa- og vörusölureikningur, skuldunautareikningur, lánardrottnareikningur, víxilskuldareikningur, víxileignareikningur, höfuðstólsreikningur, kostnaðarreikningur, bankareikningur, áhaldareikningur o.fl. Farið er í *lokun reikninga* með athugasemdum og uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings. Kennd er auk þess *meðhöndlun* á inn- og útskatti, fob- og cif-skilmálum.

**Námsmat:** Nemendur og foreldrar geta fylgst með framgangi námsins í verkefnabók nemenda á Mentor. Mikilvægt er að nemendur skili verkefnum inn á Mentor einu sinni í viku áður en svör við verkefnum eru send heim. Námsmat byggir á skilum á vikulegum verkefnum, heimaprófum, jólaprófi og vorprófi.

**Kennslugögn:** Stuðst er við „*Kennslu- og verkefnabók í bókhaldi*“ eftir Sigurjón Gunnarsson og ýmis verkefni valin af kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Bresk menning og erlend samskipti 10

**Námslýsing:** Nemendur fræðast um Bretland og breska menningu. Samskiptin eru fólgin í að nemendur verða í tengslum við breska nemendur og þurfa að kynna fyrir þeim íslenska menningu. Meðal viðfangsefna er saga, listir, kvikmyndir og tónlist. Nemendur lesa fræðsluefni, horfa á myndefni auk þess sem þeir vinna verkefni um sögu, stjórnkerfi og menningu Bretlands.

Sérstök áhersla er lögð á að skoða þjóðareinkenni og sjálfsmynd Breta.

Nemendur frá PARMITER'S SCHOOL koma árlega til Íslands til að fræðast um land og þjóð. Ef vilji er fyrir hendi hjá nemendum og foreldrum er möguleiki á að fara í námsferð til PARMITER'S SCHOOL. Ef farið verður í námsferð mun hópurinn safna fyrir ferðinni í sameiningu og þá vonandi með stuðningi foreldra.

Hámarks fjöldi í áfangann er 15. Þessi áfangi er aðeins í boði fyrir nemendur í 10. bekk. Valið verður inn í áfangann og tekið tillit til ástundunar nemenda í 9. bekk og framkomu. Ef fleiri hæfir nemendur sækja um en hægt verður að taka við verður dregið úr umsóknum nemenda.

**Námsmat:** Símatásafangi – matið byggir m.a. á skriflegum og munnlegum verkefnum, mætingu og ástundun og virkni í tímum. Valið verður inn í áfangann (tekið verður mið af félagsfærni, samskiptahæfni og framkomu).

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Danska - vinabekkjasmstarf 09 og 10

**Námslýsing:** Unnin verða verkefni í samvinnu við danskan bekk í Hornsletskóla á Jótlandi. Borin verður saman íslensk og dönsk unglíngamenning, helstu hátíðir landanna t.d. jól og páskar og náttúrufar landanna.

Hugsanlega verður farið til Danmerkur og tekið á móti dönsku nemendum á Íslandi, en sótt verður um styrk hjá Nordplus Junior. Áhersla verður lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin til einkunna sem og mæting.

**Kennslugögn:** Efni af neti, geisladiskar og myndbönd.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestim/v

## Efnafræði 09 og 10

**Námslýsing:** Markmið áfangans er að veita nemendum betri innsýn í byggingareiningar alheimsins og sögulegan bakgrunn efnafræðipækkingar nútímamannsins. Nemendur kynnast nánar uppbyggingu frumeinda og hvernig frumeindir tengjast öðrum frumeindum. Lotukerfið verður kynnt rækilega þannig að nemendur skilji rökræna uppbyggingu þess og hvaða upplýsingar er hægt að lesa úr því um frumeindir frumefnanna. Þá verður farið í efnahvörf og efnajöfnur, sýrur og basar rannsakaðir auk þess sem nemendur kynnast orkunni sem fylgin er í kjarna frumeinda eða kjarnorku.

**Kennsluaðferðir:** Mikil áhersla er lögð á umræður, hópverkefni og þemaverkefni í samráði við áhugasvið nemenda. Nemendur lesa valda kafla úr námsbókunum og vinna verkefni og framkvæma tilraunir, þegar það á við, til að ýta undir þekkingu sína á viðfangsefninu. Þá verða sýndar heimildarmyndir, m.a. um sögu efnafræðinnar og kjarnorku.

**Námmsgögn:** Valdir kaflar úr kennslubókunum Efnisheimurinn, Efnafræði og Sérkenni efna auk lesefnis sem kennari tekur saman og dreifir til nemenda, heimildarmyndir og ýmis verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka og virkni. Nemendur skrifa blogg um viðfangsefni hvernar kennslustundar, bloggið er einnig metið til lokaekunnar sem og sjálfsmat sem lagt er fyrir nemendur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestim/v

## Enska-undirstöðuatriði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið er í undirstöðuatriði í málfræði og unnin ýmis málfræðiverkefni sem nemendur safna í möppu. Einnig eru lesnir léttir textar með áherslu á orðaforða og ritun.

**Námsmat:** Verkefnum er safnað í möppu sem er metin í lok annar. Hver önn er fjórar lotur og gildir hver lota 25%

**Kennslugögn:** Verkefni á netinu frá Námsgagnastofnun og skólavefnum einnig léttlestrarbækur á bókasafni skólans.

**Kennslustundafjöldi:** 1 kestim/v

## Enska framhald – kvikmyndir/söngleikir/textavinna 09 og 10

**Námslýsing:** Valdar verða 4 – 6 kvikmyndir/þættir á önn.

Vinna við hverja mynd er m.a. eftirfarandi:

- Textavinna unnið með smásögur, handrit eða leikrit.

- Upplýsingaöflun um gerð myndar, aðalleikara og söngtexta, ef við á, í gegnum veraldarvefinn.
- Skrifleg verkefnaskil eftir áhorf hverrar myndar.

**Námsmat:** Símat, samvinna kennara og nemanda.

**Kennslugögn:** Kvikmyndir og veraldarvefurinn.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Enska framhald – tónlist 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur kynna og fjalla um tónlistarstefnur eins og jazz, blues, pop og funk. Farið er í sögu tónlistarinnar og notast við Bókasafn Seltjarnarness og veraldarvefinn til upplýsingaöflunar. Hlustað er á valda tónlist og frægir tónlistarmenn innan hverrar stefnu skoðaðir og kynntir með Power-Point kynningu. Skila þarf 4 verkefnum sem gilda 25% hvert

**Námsmat:** Hvert verkefni gildir 25% til einkunnar

**Kennslugögn:** Bókasafn Seltjarnarness og veraldarvefurinn.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Erlend samskipti – Lettland 10

**Þessi áfangi er háður því að styrkur fái frá Nordplus Junior. Ef styrkur fæst ekki þá verður þessi áfangi ekki í boði.**

**Námslýsing:** Í þessum áfanga skipuleggja nemendur ferð til Lettlands og komu nemenda frá Lettlandi til Íslands.

Nemendur lesa fræðsluefni og horfa á myndefni auk þess sem þeir vinna verkefni um sögu, stjórnkerfi og menningu Lettlands og Eystrasaltslandanna. Sérstök áhersla er lögð á að skoða þjóðareinkenni og sjálfsmynd Letta. Nemendur verða í samskiptum við nemendur frá Lettlandi og fara þau samskipti fram á ensku. Í ferðinni og eftir heimkomuna vinna nemendur með viðfangsefni sem tengist efnisþáttum námskeiðsins og kynna niðurstöður sínar.

Nemendur þurfa að vera tilbúnir að ferðast til Lettlands, nánar tiltekið til bæjarins Tukums, sem er um klukkustunda akstur frá höfuðborginni Riga og gista hjá nemendum þar. Einnig þurfa nemendur að taka á móti nemendum frá Lettlandi. Ef styrkur fæst fyrir þessum áfanga fá nemendur styrk fyrir flugfari til Lettlands og gista á heimilum í Lettlandi.

Hámarks fjöldi í áfangann er 20 nemendur. Valið verður inn í áfangann og tekið tillit til ástundunar nemenda í 9. bekk og framkomu. Ef fleiri hæfir nemendur sækja um en hægt verður að taka við verður dregið úr umsóknum nemenda.

Kennarar áfangans verða tveir. Þeir eru vanir að fara erlendis með nemendur í námsferðir. Kennararnir hafa áður farið með nemendur til Tukums, sú ferð var vel heppnuð.

**Námsmat:** Símat áfangi – matið byggir m.a. á skriflegum og munnlegum verkefnum, mætingu og ástundun, virkni í tímum og einnig virkni og hegðun í Lettlandsferðinni.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Félagsmálafræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Félagsmálafræði skiptist í tvo meginhluta, annars vegar fræðilega kennslu á helstu kenningum innan tólmstundafræða svo sem jákvæð sálfræði, siðfræði, viðburðarstjórnun, framkoma, samskiptafræðsla, ungmennalýðræði, útivist og margt fleira. Hins vegar mun kennslan fara fram í verklegum þáttum þess að skipuleggja félagslíf unglunga skólans og félagsmiðstöðvarinnar, undirbúa viðburði og koma þeim í framkvæmd. Lögð er áhersla á að nemendur geti þroskað sig sem einstaklinga en einnig að þeir læri að vinna saman og að bera virðingu fyrir öðrum .

Markmiðið með kennslu í félagsmálafræði er m.a. að efla félagslegan þroska nemenda, styrkja þá á félagslegum vettvangi og þar með að styrkja sjálfsmynd og viðhorf þeirra til sín og annarra. Félagsmál eru mikilvægur þáttur í mótun unglunga og heilbrigð félagsleg virkni hefur einungis jákvæð áhrif á líf unglunga.

Valgreinin er kennd af starfsmanni félagsmiðstöðvarinnar.

**Námsmat:** Námsgreinin er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, úrvinnslu verkefna, mætingu í félagsmiðstöðina og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Fyrsti des 10

**Námslýsing:** 10. bekkingar halda skemmtun 1. desember ár hvert og bjóða foreldrum sínum með á skemmtunina. Þessi skemmtun hefur verið hápunktur skemmtanahalds í Grunnskóla Seltjarnarness um áratuga skeið. Reynslan sýnir okkur að nánast hver einasti nemandi í 10. bekk kemur með einum eða öðrum hætti að undirbúningi þessarar skemmtunar og nú hefur verið ákveðið að bjóða þessa vinnu sem hluta af námsvali nemenda eða sem svarar til einnar kennslustundar á viku allt skólaárið. Það er ljóst að vinnan mun öll fara fram á haustönninni en verður örugglega ekki minni en umgetinn tímafjöldi segir til um þegar á heildina er litið.

**Námsmat:** Lagt verður mat á það hvernig nemendur standa sig í ofangreindu verkefni.

**Kennslustundafjöldi:** 1 kest/v

## Franska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Tungumálakunnátta opnar dyr að ólíkum menningarheimum en um 170 milljónir íbúa heims tala frönsku. Auk frönskukennslu verða frönskumælandi lönd og valdir þættir franskra menningar skoðaðir. Nemendur fá þjálfun í hlustun og framburði og að bjarga sér á frönsku við einfaldar aðstæður. Kennd eru undirstöðuatriði í málfræði. Fjölbreytni kennsluáðferða stjórnast að nokkru af áhuga og getu hópsins.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja frönsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Námsmat:** Símat, sem byggir á verkefnum, sem flest eru unnin í kennslustundum.

Áhersla er lögð á að nemandi sýni sjálfstæði og taki ábyrgð á eigin námi.

Voreinkunn:

- Verkefni og kannanir 60%
- Málskilningur 30%



- Virk þátttaka í kennslustundum 10%

**Kennslugögn:** Skólinn velur kennslubók við hæfi en auk þess útvegar kennari ýmiss konar ítarefni. Tegund og magn þess efnis fer eftir áhuga og getu nemendahópsins.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kestd/v

## Góða veislu gjöra skal – matur og menning framandi landa 09 og 10

**Viðfangsefni:** Unnið verður með 5 meginþemu í matreiðslu og bakstri, menningu og sögu framandi landa. Á fyrri önninni kynnumst við Mexíkó, Afríku og USA og á þeirri síðari Asíu og Ítalíu.

**Hér er um framhaldsnámskeið að ræða** fyrir þá nemendur sem áður hafa valið bakstur og/eða heimilisfræði og því er gert ráð fyrir að nemendur séu vel kunnugir eldhúsi og umgengni við öll þau tól og tæki sem notuð eru. Meginmarkmið námsins eru:

- Að nemendur kynnist matargerð og menningu framandi landa
- Að nemendur læri að finna uppskriftir og upplýsingar í gegnum netið og á bókasafni
- Að nemendur læri að elda, baka og meðhöndla mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum framandi landa
- Að nemendur læri að meta og virða menningu og hefðir í matargerð annarra landa.

Unnið verður að mestu í kennslueldhúsi við eldun og bakstur. En einnig verður farið í tölvuver og á bókasafn. Sem og innkaupaferðir á heimshornamarkaði. Leitast verður við að fá gesti sem þekkja til eða eru frá framandi löndum til að segja frá þeirra reynslu og upplifunum. Boðið verður til veislu í lok hvernar annar.

**Námsmat:** Símat. Nemendur og kennari vinna saman að mati í lok hvers þema.

**Kennslustundir:** 2 kestd. á viku

## Heimilisfræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið verður í helstu baksturs- og matreiðsluaðferðir með það að leiðarljósi að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat samkvæmt manneldismarkmiðum. Næring, hollusta og hreinlæti ásamt neytenda- og umhverfisfræði er fléttað inn í námið. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hvernar kennslustundar.

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt, útg. Námsgagnastofnun, Eldað í dagsins önn, höf. Sigrún V. Stefánsdóttir, uppskriftir úr ýmsum blöðum og bókum.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kestd/v

## Heimanám 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Það er misjafnt hversu íþyngjandi heimanám reynist nemendum. Þessari valgrein er ætlað að draga úr álagi vegna heimanáms. Nemendum gefst kostur á að fá aðstoð við heimanám og/eða vinna sér í hagin og fá aðstoð við það sem þeim reynist

erfitt í náminu.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati eftir hverja kennslustund og fer eftir mætingu, vinnusemi og hegðun.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Heimspeki 09 og 10

**Námslýsing:** Í heimspekivali fást nemendur við spurningar sem þeim finnst sjálfum mikilvægar. Það sem nemendum finnst mikilvægt eru spurningar sem snerta tilveru þeirra, áhugasvið og daglegt líf. Í glímunni við þessar spurningar fá þeir útrás fyrir þörf sína til að „byggja upp sál sína“ og með góðri leiðsögn fræðast þeir um „manneðlið og mannlífið, eins og þetta hvort tveggja er í raun og veru.“

Í þessum valáfanga verða nemendur leiddir inn í hugsunarhátt heimspekingsins og þjálfaðir í heimspekilegri samræðu. Þess er krafist að nemendur hugsi fyrir sjálfa sig, beri hugmyndir sínar saman við hugmyndir annarra og leggi sig fram um að skoða ólíkar hliðar á málum og sjónarmið þeirra sem þeir eru mest ósammála. Með þessu er ýtt undir sjálfstæði nemendanna og þeim hjálpað til að koma auga á vanann og brjótast út úr honum þegar þörf er á.

**Verkefni:** Farið er fram á mikla þátttöku nemenda í kennslustundum í formi almennra umræðna, hópvinnu- eða einstaklingsverkefna. Til að nemendur nái settum markmiðum er komið víða við og fjölbreytt viðfangsefni höfð að leiðarljósi. Nemendur reyna á rökfærni sína og kynna sér hvernig heimspekingar bera sig að í þeim efnum.

„af hverju er skólinn eins og hann er en ekki fyrir hugsandi manneskjur í leit að innihaldsríku lífi?“

*Þórbergur Þórðarsson*

*Leitað verður svara og rökrætt um spurningar eins og:*

- Fyrstu heimspekingarnir, hverjir voru þeir og hvað voru þeir að hugsa?
- Hvað er heimspeki?
- Hvernig myndast skoðun?
- Hvað eru góð rök?
- Hvað er siðfræði?
- Hvað er list og fegurð?
- Farið verður í lögmál gagnrýnnar hugsunar?
- Heimspeki í bío myndum, hvernig kemur hún fram?

*Horft verður á valdar kvikmyndir og verkefni unnin samhliða.*

**Námsmat:** Verkefnavinna, ritgerðir og virkni í tíma lögð til grundvallar.

**Kennslugögn:** Veröld Soffíu, eftir Jostein Gaarder, Bangsímón e. Milne, Vísindavefurinn, ljósritaðir textar og bútar úr kvikmyndum

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Hraðlestur og námstækni 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur læra gagnlegar aðferðir sem nýtast þeim í öðrum námsgreinum og áframhaldandi námi. Sá sem hefur náð tökum á hraðlestri getur lesið hraðar þegar það á við og hefur jafnframt meiri einbeitingu sem eykur skilning á lesefni. Nemendur læra um mismunandi námsstíla og hvernig sjálfstraust hefur áhrif á þá sem námsmenn. Fjallað verður um skipulag, áætlanagerð, markmið, glósur (hefðbundar og hugarkort), minnisaðferðir og fleira.

**Námsmat:** Símat byggt á virkni (40%), verkefnum (30%) og framförum (30%).

**Kennslugögn:** Lestu nú (lesbók og vinnubók) eftir Fjölmi Ásbjörnsson og Guðna Kolbeinsson. Frjálslestrarbækur að eigin vali. Námstæknibókin eftir Helgu Ingeborg Hausner. Verkefni sem byggja á bókinni Becoming a master student eftir Dave Ellis.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska - undirstöðuatriði og upprifjun 08

**Námslýsing:** Í þessum áfanga er aðaláhersla lögð á lestur, hlustun og stafsetningu. Stefnt er annars vegar að því að auka lestrarhraða og lesskilning og hins vegar að auka færni nemenda í stafsetningu. Í tengslum við stafsetningu verða málfræðiatriði, sem reglurnar byggja á, rifjuð upp. Nemendur lesa í hljóði og upphátt, hlusta á upplestur og ræða efni textanna. Í stafsetningu verður að mestu unnið með upplestraræfingar, bæði kannanir sem nemendur geta undirbúið heima og einstakar málsgreinar sem birtast réttar og með skýringum jafnóðum og nemendur hafa skrifað þær niður. Aukaverkefni verða unnin í tölvum a.m.k. einu sinni í mánuði.

**Námsgögn:** Skólinn leggur til námsgögn en nemendur þurfa að kaupa eina stílabók, A4, án gorma. Nemendur eru hvattir til að glósa samviskusamlega í hverjum tíma og halda vel utan um gögnin sín.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Ekki er um mikla heimavinnu að ræða en nemendur eru metnir eftir virkni og vinnusemi.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kst/v

## Íslenska - undirstöðuatriði 09 og 10

**Námslýsing:** Þetta val er fyrir nemendur sem hafa áhyggjur af stöðu sinni í íslensku. Hér gefst tækifæri til að vinna með grunnatriði móðurmálsins. Aðaláhersla er lögð á grunnatriði í málfræði, setningafræði og stafsetningu, svo og málnotkun og tengsl milli þessara þátta. Á haustönn er unnið með alla fallorðaflokkana og beygingaratriði þeirra, svo og málnotkun. Á vorönn er unnið með sagnorð, smáorð og stafsetningarreglur.

Engu að síður blandast þessir þættir saman þar sem málfræði og stafsetning eru náskyldir þættir og oft er verið að nálgast sömu atriðin frá mismunandi sjónarhorni.

**Námsgögn:** Skólinn leggur til námsefni en nemendur eiga að vera með sérstaka möppu fyrir verkefni og glósur. Hvert atriði er tekið fyrir og síðan unnin verkefni. Nemendur eru hvattir til að glósa samviskusamlega í hverjum tíma og halda vel utan um gögnin sín svo auðveldara sé að nálgast þau til að rifja upp atriðin sem þeir þurfa að kunna skil á við lok grunnskóla.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Ekki er um heimavinnu að ræða nema þegar unnið er með lesnar æfingar í stafsetningu. Nemendur er metnir eftir virkni og vinnusemi í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska fyrir lengra komna 09 og 10

**Námslýsing:** Þetta val hentar nemendum sem vilja kafa dýpra í námsefnið og bæta við sig þekkingu umfram þá sem miðast við Aðalnámskrá grunnskóla. Unnið verður með málfræði og stafsetningu, bókmenntir og ritun.

Í málfræði verða aukaverkefni, jafnvel þyngri en nemendur hafa haft, nánar verður farið í setningafræði, t.d. unnið með setningaliði, aðalsetningar og undirflokkka aukasetninga. Í hljóðfræði verður líka kafað dýpra og unnið meira með myndunarstað og myndunarhátt einstakra hljóða auk ítarefnis í almennri hljóðfræði. Þá verður haldið áfram að leiðbeina nemendum í stafsetningu og áhersla lögð á hvernig góð málfræðikunnátta er undistaða réttitunar. Æfingarnar miðast við að tvinna þetta tvennt saman.

Í bókmenntum verður nánar farið í bókmenntastefnur og lesnir valdir textar/skáldsögur og ljóð frá mismunandi tímum. Textarnir sem valdir verða hafa allir einhverja sérstöðu í bókmenntalegu samhengi. Ritunarverkefni verða annars vegar í tengslum við bókmenntalestur og hins vegar ritgerðir um einhver ákveðin efni, myndasögur, gagnrýni, bréf o.fl.

**Námshögn:** Skólinn leggur til námsefni en nemendur eiga að vera með sérstaka möppu fyrir verkefni og glósur. Hvert atriði er tekið fyrir og síðan unnin verkefni. Nemendur eru hvattir til að glósa samviskusamlega í hverjum tíma og halda vel utan um gögnin sín

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Matið byggist annars vegar á könnunum og hins vegar eru nemendur metnir eftir virkni og vinnusemi í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Íslenska 103 10

**Námslýsing:** Nú verður í fyrsta sinn boðið upp á framhaldsskólaáfangi í íslensku við Valhúsaskóla. Áfanginn er kenndur í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og lokapróf tekið þar.

Markmið áfangans er að nemendur hafi við lok hans:

- aukið lestrarhraða sinn og bætt lesskilning með lestri bókmennta
- náð að þekkja nokkur hugtök bókmenntafræðinnar
- öðlast talsverða leikni í ritun og ritgerðasmíð og kunni að byggja upp bókmenntaritgerð með hugtökum bókmenntafræðinnar
- lært helstu setningarhluta og kunni skil á aðal- og aukasetningum, geti notað setningafræði lítilla við stíllýsingu, einkum varðandi orðaröð, kunni málfræði sér til gagns við stafsetningu og kunni greinarmerkjasetningu.

**Námshögn:** Íslenska eitt (Edda útgáfa), kjörbók (kynnt síðar)

Handbækur: Ingibjörg Axeldóttir og Þórunn Blöndal 1995: Handbók um ritun og

frágang, 4. útg. Iðunn, Reykjavík., Réttitunarorðabók handa grunnskólum 1989, Baldur Jónsson ritstj. (Rit íslenskrar málnefndar 4). Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd, Reykjavík. Nemendur eiga að vera með sérstaka möppu fyrir verkefni og glósur.

**Námsmat:** Verkefnavinna og skyndipróf 30% - Lokapróf 70%

**Kennslustundafjöldi:** 3 kest/v

## Íþróttir og heilsa 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Í þessari valgrein er lögð áhersla á að nemendur:

- fái innsýn í þjálfun,
- sjái hvaða áhrif þjálfun og rétt næring hefur á líkamann,
- þekki þjálfunaraðferðir o.fl.
- fari í leiki
- fylgist með því sem er að gerast í íþróttahæiminum

Fjallað er m.a. um upphitun, þol, kraft, meiðsli, líkamsbeitingu, streitu, slökun, næringu og mataræði, megrun og skyndihjálp.

Námsgreinin er að mestu leyti verkleg.

Ef í ljós kemur að margir, sem eru í áfanganum í vetur, velji áfangann í annað sinn verður byggt ofan á það sem þegar hefur verið kennt í íþróttum og heilsu í vetur.

**Námsmat:** Byggir á símati sem gert er í lok hvernar kennslustundar.

**Kennslugögn:** Lesefni frá kennara (ljósrít), íþróttafatnaður og annað sem til fellur til íþróttaiðkunar.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Kvikmyndfræði 09 og 10

**Námslýsing:** Hvaða áhrif hafa á kvikmyndir á okkur? Og hvernig móta þær okkur? hverjar eru klisjurnar? Hver var Charlie Chaplin, Buster Keaton og Bettie Davis og hver voru áhrif þeirra á kvikmyndasöguna?

Hvaða myndum hafa leikstjórnarnir Peter Jackson, Mike Leigh, Cohen bræður, Tim Burton, Pedró Almódavar og Sofia Copola leikstýrt? Ef þessar spurningar vekja áhuga þinn þá er þetta valfangi fyrir þig.

Í hverjum tíma verður horft á brot úr ýmsum kvikmyndum og nemum kynntar ólíkar stefnur og sýn listamanna. Lögð verður áhersla á að örva nemendur til að kynna sér listformið enn frekar og leita fanga utan hefðbundinna Hollywoodkvikmynda. Víðsýni eykst gagnvart kvikmyndaforminu með því að horfa á alþjóðlegar og listrænar myndir.

*Kvikmyndir sem hafðar verða til hliðsjónar:*

The kid (Charlie Chaplins), The general (Buster Keaton) og Bette Davis.

Truman Show, Grandhog day, Babbettes gjestebod, Serious man

Lord of the ring, Memento, Another day/ Mike leigh. Heavenly creature/ Peter Jacksson.

**Markmið:**

- Að nemendur átti sig á mikilvægi og hlutverki kvikmyndagerðar í mannkynssögunni
- Að nemendur öðlist sýn á tengsl kvikmyndagerðar við daglegt líf

- Að nemendur þekki helstu hugtök kvikmyndagerðar og sögu

**Námsmat:** getur farið fram með verkefnavinnu, rannsóknarvinnu, ritgerðum og prófum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Myndmennt 08

**Námslýsing:** Unnið er með lita- og formfræði, modelteikningu og fjarvídd og málað með m.a. vatns- og þekjulitum. Einnig er unnið með leir og grafik. Hönnunar- og handverkssaga skoðuð. Hugmyndakort eru lögð til grundvallar við vinnu úr efnisveitunni. Unnið er stækkunarverkefni (teiknimyndapersóna að eigin vali) þar sem popplist kemur við sögu. Einnig er farið í safnaheimsóknir.

**Námsmat:** Símat því hver þáttur er jafnmikilvægur í ferli verks. Litið er til útfærslu hugmynda, vinnubragða, vinnusemi, framfara, frumkvæðis og endanlegs verks.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. leir og glerungar, ýmiss konar pappír og litir, efnisveita, leiðsögn á safni og listaverkabækur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Myndmennt 09

**Námslýsing:** Unnið er með lita- og formfræði, modelteikningu, uppstillingu (rými), hlutateikningu (skyggingu), fjarvídd, klippimyndir og fl. Einnig er unnið með leir og málun með mismunandi litategundum t.d. þekju-, vatns- og akryllitum á fjölbreyttan efnivið. Nemendur fá töluvert frjálsar hendur í verkefnavali. Kennd er notkun skissubókar. Veitt er innsýn í helstu stefnur listsögunnar í Evrópu sl. 1000 ár. Farið er í safnaheimsóknir.

**Námsmat:** Símat því hver þáttur er jafnmikilvægur í ferli verks. Litið er til útfærslu hugmynda, vinnubragða, vinnusemi, framfara, frumkvæðis og endanlegs verks.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. leir og glerungar, ýmiss konar pappír og litir, efnisveita, leiðsögn á safni og listaverkabækur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Myndmennt 10

**Námslýsing:** Unnið er m.a. með modelteikningu, uppstillingu, hlutateikningu, lita- og formfræði. Áhersla er lögð á ferilvinnu (skissugerð, hugmyndavinnu, þróun verkefnis og tengsl við listasögu). Einnig er unnið með olíuliti á striga, leir og glerunga. Áhersla er lögð á að kynna nútímalist. Unnin eru einstaklingsverkefni og farið í safnaheimsóknir.

**Námsmat:** Símat því hver þáttur er jafnmikilvægur í ferli verks. Litið er til útfærslu hugmynda, vinnubragða, vinnusemi, framfara, frumkvæðis og endanlegs verks.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. leir og glerungar, ýmiss konar pappír og litir, efnisveita, leiðsögn á safni og listaverkabækur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Prjónaval 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur læra undirstöðuatriði í prjóni. Helstu garntegundir verða kynntar og helstu áhöld sem notuð eru við prjón. Farið er í hvernig prjónfesta er gerð og nýtingu á henni, ýmsar prjónaaðferðir skoðaðar, einnig úrtökur og útaukningar, affellingar, frágangur, setja í rennilás, hekla kant, o.fl. Að öðru leyti vinna nemendur að prjónaverkefnum að eigin vali. Gert er ráð fyrir að nemendur ráðist í stærri verkefni, ss. að prjóna peysur.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námsgögn:** Prjóna og hannyrðabækur, ásamt uppskriftum frá kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Ritun 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Hér gefst kostur á að auka færni sína í ritun og ritgerðasmíð. Farið er í helstu atriði hvað varðar uppbyggingu og efnistöð ritgerða og sagna. Áhersla er lögð á að nemendur tjái sig skriflega og njóti þess að færa hugmyndir sínar og skoðanir á blað auk þess að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Nemendur skrifa ritgerðir og sögur á tölvu, ýmist einir eða í samvinnu við aðra. Verkefnin eru unnin í tímum og/eða heima. Rætt er um ritverkin og þau gagnrýnd og leiðrétt.

**Námsgögn:** Tölva

**Námsmat:** Símat yfir veturinn

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Saumar 08

**Námslýsing:** Nemendur vinna a.m.k. eitt verkefni í fatasaumi og eitt í prjóni. Unnið er með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum. Áhersla lögð á að nemendur leggi eigin sköpun/hönnun í verkefnin og noti skissubók til að þróa og teikna hugmyndir sínar.

Verkefni sem tengjast endurvinnslu og endurhönnun eru unnin og nemendur eru hvattir til að breyta og bæta fatnað sem þeir eru hættir að nota. Að öðru leyti eru verkefni frjáls í samræmi við kunnáttu hvers og eins.

Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og prjón.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námsgögn:** Snið og verklýsingar frá kennara ásamt hannyrðabókum á bókasafni og í kennslustofu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Saumar/hönnun 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum o.fl. Unnið er með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum. Auk þess

vinna nemendur með grunnsnið og þeim er kennt að framkvæma einfaldar sniðútfærslur. Áhersla er lögð á notkun skissubókar og að nemendur komi hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu. Einnig að þeir læri að fylgja verki sínu frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð.

Nemendur hafa að mestu leyti frjálsar hendur með verkefnaval, sem miðast við getu hvers og eins. Verkefni sem tengjast endurvinnslu og endurhönnun eru unnin og nemendur eru hvattir til að breyta og bæta fatnað sem þeir eru hættir að nota.

Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og prjón.

Farið á útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands þar sem verk nemenda í fatahönnun eru skoðuð og stefnt að a.m.k. einni annarri vettvangsferð.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námsgögn:** Sníðablöð, snið og verklýsingar frá kennara ásamt handbókum á bókasafni og í kennslustofu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Seinni heimsstyrjöld í kvikmyndum 09 og 10

**Námslýsing:** Í áfanganum er horft á ýmsar kvikmyndir sem fjalla um atburðir úr seinni heimsstyrjöldinni. Eftir hverja mynd eru umræður og nemendur leita sér frekari upplýsinga um atburðina sem fjallað er um í myndunum. Upplýsingaöflunin er í formi fræðslumynda, lesturs texta og leitar á netinu. Nemendur vinna verkefni og kynna þau fyrir hópinn. Í lok áfangans er búin til tímalína og unnin verkefni þar sem atburðirnir sem fjallað var um eru tengdir saman.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka, virkni og vinnusemi.

**Námsgögn:** Kvikmyndir og fræðslumyndir: The Pianist, Schindlers list, Enemy at The Gates, World War II o.fl. Ítarefni af netinu og frá kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2kestr/v

## Skapandi ferli, endurnýting, sjálfbærni 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Skoðuð verða listaverk, nytjahlutir og fatnaður unnin úr endurnýtanlegum efnum (rusli). Unnin verða verk í þeim anda: listaverk, nytjahlutir og fatnaður.

Samfélagslegur ávinningur flokkunar sorps kannaður. Skiptir það máli? Farið í vettvangsheimsóknir á vinnustofur, í verslanir, Góða hirðinn og endurvinnslustöð.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en hugmyndavinna, ferill verkefna, frumkvæði og vinnusemi, sem og fullunnin verk, verða metin til einkunnar.

**Kennslugögn:** Ýmsar heimasíður og listaverk. Leiðsögn listamanns og hönnuðar í vinnustofuheimsóknum.

**Kennslustundafjöldi:** Metið til tveggja kennslustunda allt árið en kennt í 4 kestr/v í eina önn.



## Smíði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Valgreinin hönnun og smíði byggir á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast í lok 8. bekkjar. Verkefnin sem unnin eru í 9. -10. bekk eru efnismeiri og meira krefjandi. Farið er nánar í ýmsa þætti handverks og þá sér í lagi nákvæmni, enda má ætla að verkefni nemenda séu viðameiri og vandasamari en í yngri árgöngum. Smíði og hönnun er hugsað sem vettvangur fyrir nemendur með áhuga á listgreinum, hönnun og smíði. Nemendur þjálfast í hönnun og fara inn í hugsanaferli hönnunar. Valið nýtist líka þeim nemendum sem hafa mikin áhuga á handverki og vilja þjálfa þá þætti. Sérstök áhersla er lögð á skapandi þætti hönnunar og smíði. Lögð er áhersla á notkun fjölbreytts efniviðar s.s. ýmiss konar viðartegunda og möguleikar efnisins skoðaðir. Hugmyndir eru skráðar í skissubók og hugmyndaferlið er skoðað og leyft þróast og taka breytingum. Reynt er að gefa hverjum nemanda tækifæri á að vinna að eigin hugmyndum og útfæra þær en einnig að endurgera og breyta öðrum hlutum. Farið verður er í heimsóknir á söfn. Kennend er meðferð og notkun verkfæra Nemendur hafa ekki leyfi til að vinna á stærri trésmíðavélum skólans.

**Verkefnavinna og skil:** Nemendur skila inn fullunnum hlut í lok annar.

**Námsmat:** Við mat á vinnu nemenda er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum og vinnusemi, framförum, frumkvæði og endanlegu verki.

**Kennslugögn:** v-in 3 - verkfæri, veraldarvefurinn og viður.

**Kennslustundafjöldi:** 2 klst/v

## Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Kennend eru undirstöðuatriði spænskrar tungu auk þess sem nemendur kynnast menningu spænskumælandi þjóða. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfa nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja spænsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kest/v

## SPÆ 103 – framhaldsskólaáfangi 09 og 10

**Námslýsing:** Fylgt er námskrá Fjölbautarskólans í Ármúla. Lögð er megináhersla á undirstöðuatriði spænskrar tungu en einnig fá nemendur innsýn í valda þætti í menningarlífi íbúa Spánar og Rómönsku Ameríku. Í kennslustundum eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun og æfa framburð. Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Á vorönn er tekið próf á vegum Fjölbautarskólans í Ármúla.

**Skilyrði:** Nemendur þurfa að hafa lokið grunnáfangi í spænsku.

**Námsmat:** Á vorönn er tekið próf á vegum Fjölbautarskólans í Ármúla.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kest/v

## Skólakór Valhúsaskóla 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Haustið 2008 var stofnaður skólakór fyrir nemendur við Grunnskóla Seltjarnarness. Nemendum í 9. og 10. bekk, sem eru í kórnum er boðið upp á að láta þátttöku sína telja sem tvær vikustundir í vali.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en við námsmat verður litið til þátttöku og virkni.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði - undirstöðuatriði 09 og 10

Í stærðfræði er aðaláherslan lögð á grunnatriði í talnafræði, rúmfræði og algebru og tengsl milli þessara þátta.

**Námslýsing:** Stærðfræði - grunnur er fyrir nemendur sem hafa ekki náð tókum á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar.

Reynt er að nálgast þarfir sérhvers nemanda eins og kostur er.

Unnið er með grunnatriði svo sem tugabrot, almenn brot, margföldun, deilingu og röð aðgerða. Einnig er tekin fyrir rúmfræði svo sem flatarmál, rúmmál og ummál. Í algebru er lögð áhersla á vinnu með sviga, formerki, tengireglu, víxlreglu og dreifireglu.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna verkefni einstaklingslega eða í litlum hópum. Áhersla er lögð á virkni í tímum og skil verkefna.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Matið byggir á virkni í tímum og skilum vinnubókar.

**Kennslugögn:** Dæmahefti tekin saman af kennara og vinnubók sem nemandi leggur til.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði – framhald 08, 09 og 10

**Námslýsing:** „Stærðfræði fyrir lengra komna“ er fyrir nemendur sem standa mjög vel í stærðfræði. Á haustönn er unnið með rúmfræði, líkindi, Pýþagórasasarreglu og algebru og lýkur hverju verkefni með könnun. Á vorönn er unnið með þrautir og verkefni úr stærðfræðikeppnum. Einnig verður unnið með heftið Gullinsnið og ýmis verkefni á netinu sem tengjast þessum verkefnum. Áhersla er lögð á innsæi, samvinnu og að nemendur hafi ánægju af stærðfræði.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna í litlum hópum með raunhæf verkefni og þrautir sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun. Áhersla er lögð á umræður og skil verkefna.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn. Matið byggir á þátttöku, samvinnu og skilum verkefna.

**Kennslugögn:** Stuðst er við bókina Almenn stærðfræði III fyrir grunnskóla, Gullinsnið, sem er þemahefti ætlað nemendum á unglingsstigi, og stærðfræðikeppnir MR.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

## Stærðfræði 103 – framhaldsskólaáfangi 10

**Námslýsing:** Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans stærðfræði 103 sem kenndur er á fyrsta ári framhaldsskóla. Lögð er áhersla á að nemendur nái öllum megin markmiðum áfangans. Einnig fá þeir tækifæri til að spreyta sig á þrautum og verkefnum úr stærðfræðikeppnum sem dýpka skilning og þjálfu rökhugsun.

**Helstu námsþættir:** Bókstafareikningur. Forgangsröð aðgerða, liðun og þáttun. Heil veldi og ferningsrætur. Jöfnur. Reikniformúlur. Talnahlutföll, skiptireikningur, prósentur, vextir. Frumsendur og hornaföll. Beinar og óbeinar sannanir. Frumhugtök rúmfræðinnar. Línur og horn í þríhyrningi og hornasumma þríhyrnings. Einshyrndir þríhyrningar. Pýþagórasarregla. Hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Flatarmál og rúmmál. Umritaður og innritaður hringur þríhyrnings. Rétthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti, jafna beinnar línu. Lausnir verkefna og þrauta.

Tengd vefslóð: <http://www.tolvunot.is>

**Skilyrði:** Nemendur þurfa að hafa náð framúrskarandi árangri við lok 9. bekkjar.

**Námsmat:** Vinna nemenda í skóla og skil heimavinnu 20%. Sjálfspróf 20%. Próf í lok vorannar 60%.

**Kennslugögn:** Stuðst er við bókina *STÆ 103* eftir Jón Hafstein Jónsson, Níels Karlsson og Stefán G. Jónsson.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kestr/v

## Stíll og tíska 10

**Námslýsing:** Í þessum áfanga vinna nemendur að ákveðnu verkefni þar sem þeir hanna og sauma flíkur, finna annan fatnað og fylgihluti og setja saman heildarútlit ásamt því að huga að hári og förðun. Unnið verður út frá ákveðnu tímabili eða stíl. Þessu er svo komið á framfæri með ljósmyndum og/eða tískusýningu.

Skoðuð verða tískublöð, vefsíður og stefnt að heimsóknum í hönnunarverslanir og á sýningar auk þess sem unnið verður að skilgreiningu á því hvað stíll og tíska er.

Eingöngu í boði fyrir 10. bekk.

**Námshöggn:** Ýmis námshöggn frá kennara ásamt handbókum á bókasafni og í kennslustofu.

**Námsmat:** : Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Stjörnufræði 10

**Námslýsing:** Í stjörnufræði kynnast nemendur alheiminum betur. Fjallað verður um ýmis fyrirbæri, nær og fjær, eins og sólina okkar, tunglið, sólkerfið, reikistjörnurnar og fjarlægjar vetrarbrautir. Hvað er að finna í hinum stóra heimi? Hvar endar alheimurinn? Afhverju skína stjörnur? Hvernig myndast stjörnur, hnettir og tungl? Við veltum fyrir okkur stærð alheims og fjarlægðir, hvort að það sé að finna líf á öðrum hnöttum, möguleikum jarðarbúa á að ná sambandi við fjarlæga hnetti, ferðalög og geimferðir manna og margt fleira.

**Kennsluáferðir:** Mikil áhersla er lögð á umræður, hópverkefni og þemaverkefni í samráði við áhugasvið nemenda. Nemendur lesa jafnframt bókina *Sól, tungl og stjörnur* og vinna verkefni tengd bókinni. Loks má nefna að til að ýta undir áhuga og skilning á

námsefninu verða sýndar ýmsar heimildarmyndir og kvikmyndir sem tengjast stjörnufræði.

**Námsgögn:** Kennslubókin Sól, tungl og stjörnur, heimildarmyndir, kvikmyndir og ýmis verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka og virkni.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Söng- og leiklist 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Þá er einnig farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Nemendur búa til stutta leiksyningu út frá spuna sem sýnd verður í lok annar. Í sýningunni fléttum við saman söng og leik.

**Markmið:**

Að nemendur þjálfist í framkomu á sviði, radd - og líkamsbeitingu.

Að nemendur efla/öðlist sjálftraust og sköpunargleði.

**Námsmat:**

Virkni og áhugi 50%

Frumleiki og túlkun 20%

Jákvæðni 20%

Framfarir 10%

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Tónmennt 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Læra að greina stíl eftir hlustun, umræður um hljóðfæranotkun innan ákveðins tónlistarstíls og þjálfun í greiningu tónlistar. Saga rokksins er skoðuð og horft er á heimildarmyndir um nokkrar hljómsveitir sem hafa haft áhrif á tónlistarsöguna. Einnig ræðum við sögu MTV .

**Markmið:**

Tónlistarsaga og hlustun :

Nemendur hafi unnið með valin tímabil tónlistarsögunnar og þau hafi verið útskýrð með tóndæmum.

- geti rætt um tóndæmin í sögulegu samhengi
- geti greint helstu grunnþætti tónlistarinnar

**Námsmat:**

Próf 50%

Vinnubók 30%

Virkni og hegðun 20%

**Kennslugögn:** Vinnum í bókinni Hljóðspor eftir Pétur Hafþór Jónsson, Great Composers eftir June Montgomery og Maurice Hinson og skoðum Sögu vestrænnar tónlistar eftir Christopher Headington. Horfum á tónlistarmyndbönd

**Kennslustundir:** 2 kestd/v

## **Tölvufræði 08, 09 og 10**

**Námslýsing:** Í áfanganum eru skoðuð ýmis forrit sem nýtast nemendum í námi og skipulagningu. Fyrirhugað er að skoða moodle, ritvinnslu-, glæru- og vefsíðuhlutann í googleapps, Videopad, Comic Life, forrit til að gera hugarkort, prezzie o.fl. Reynt er að samþætta námsgreinar þannig að nemendur nýti það sem þeir læra í tölvufræði til að vinna verkefni í öðrum námsgreinum. Má þar nefna stuttmyndir, teiknimyndasögur, vefsíður eða kynningar.

**Námsmat:** Áfanginn verður próflaus en verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka, virkni og vinnusemi.

**Kennslugögn:** Moodle, Microsoft Office, Googleapps, Videopad, Comic Life, Edraw forrit til að gera hugarkort o.fl.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestd/v

## **Útivist og hreyfing 08, 09 og 10**

**Námslýsing:** Kennslan fer fyrst og fremst fram í útivistarferðum, göngu-hjóla- og fjallaferðum. Ferðirnar taka a.m.k fjórar klukkustundir hver (6 kennslustundir) og verður farið í þær á **laugardögum kl. 10** um það bil þriðja hvern laugardag. Þetta verður með svipuðum hætti og í vetur þ.e. hjólaferðir í Árbæjarlaug, Álftanes og Reykjavíkurborg. Gönguferðir í kringum Elliðavatn og Rauðavatn og Selvogsgata gengin úr Bláfjöllum niður í Hafnarfjörð og einnig gengið á nokkur fjöll s.s. Esjuna! En þar sem er langt til fjalla frá Seltjarnarnesi og lengi verið að komast á staðina í strætisvagni biðjum við foreldra um að aðstoða okkur við að keyra börnin á staðinn. Gert er ráð fyrir að nemendur skipuleggi 2 – 3 ferðir sjálfir eftir áramót.

### **Hjólaferðir**

Hjólaferðirnar eru næstum eingöngu á hjólastígum. Nemendur kynnast möguleikum á löngum ferðum án þess að þurfa að fara út í umferðina.

### **Gönguferðir.**

Leitast er við að kenna nemendum að njóta þess að vera úti í náttúrunni og reyna á sig. Auk þess er nemendum kennt að undirbúa sig undir slíkar ferðir.

### **Innikennsla**

Í innikennslunni fáum við t.d. fá fólk frá Útivist til að kenna nemendum um útbúnað í gönguferðir auk þess sem farið er í hvernig búnaður á hjóli skal vera og hvaða klæðnaður er hentugastur í hjólaferðir.

**Námsmat:** Símat kennara og sjálfsmat nemenda sem byggir á viðhorfi, þátttöku og hegðun.

**Kennslugögn:** Ferðabækur og veraldarvefurinn.

**Kennslustundafjöldi samsvarar** 2 kestd/v

## Yndislestur 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur lesa bækur sér til skemmtunar og yndisauka. Hér gefst nemendum tækifæri á að auka lestrarhraða sinn og lesskilning. Nemendur lesa annars vegar bækur að eigin vali og hins vegar bækur valdar af kennurum, hugsanlega í samvinnu við hópinn. Lesturinn fer fram í skólanum og heima. Nemendur halda dagbók yfir lesturinn. Að loknum lestri bóka að eigin vali eru þær kynnar fyrir öðrum nemendum. Bækurnar sem allir lesa verða ræddar í leshringum.

**Námsmat:** Símat yfir veturinn

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Yoga 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið er yfir helstu jógaostöðurnar, hundinn, köttinn, slönguna, hermanninn, og stríðsmanninn. Einnig eru undirstöðuatriði hugleiðslu og öndunar kynnt og þjálfuð. Hver tími endar á slökun.

Yoga er 6000 ára gamalt kerfi ætlað til heilsubótar og andlegra framfara. Tilgangur þess að ástunda yoga er að þroskast og auka þekkingu á okkur sjálfum, þörfum líkama okkar, huga og sálar.

Námskeiðið er hugsað sem mótvægi við keppnisíþróttir. Líkamsvitund og innsæi nemenda þroskast, æfingar samanstanda í senn af mjúkum og kröftugum æfingum. Lögð er áhersla á að losa um spennu, byggja upp styrk, sveigjanleika og skapandi getu líkamans. Nemendur læra að þekkja mun á slökum líkama og stífum. Grunnri öndun og djúpri. Örfyrirlestrar um yogaheimspeki. Yoga er hugsað fyrir stelpur og stráka.

**Námsmat:** Virkni og þátttaka í tímum.

**Kennslugögn:** Dýnur, teppi, og textar.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v

## Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Markmið námsins er að nemendur geti skilið og myndað stuttar setningar á þýsku og að þeir þekki grunnatriði þýskrar málfræði. Nemendur munu kynna sér þýskaland, helstu borgir og staði. Farið verður í helstu grunnþætti þýskrar málfræði. Unnið verður með léttan orðaforða sem tengist nemendum sjálfum, fjölskyldu og skóla. Hlustað verður á þýska tónlist, horft á stutta þætti og kvikmynd. Unnið verður með lesbók og vinnubók, unnið tölvuverkefni og skoðað efni af neti. Notast verður við spil og leiki þar sem við á.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja þýsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Kennslugögn** Ping pong 1 eftir Gabriele Kopp og Konstanxe Frölich, lesbók og vinnubók ásamt efni af neti.

**Námsmat:** Ekkert lokapróf verður en metin verða kannanir og verkefni annarinnar.

**Kennslustundafjöldi:** 3 kestr/v

## Nám utan skóla 08, 09 og 10

Sérstaklega skal bent á það að nemendur geta fengið nám t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla, skákskóla, reiðskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem 2 kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá metna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi til tveggja kennslustunda. Skilyrði er að viðkomandi skólar haldi utan um mætingar og virkni nemenda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað. Sæki nemendur nám á tveimur stöðum utan skólans fá þeir hvort um sig metið sem 2 kest/v

**Kennslustundafjöldi:** 2- 4 kest/v

## VARAÓSKIR

**Nemendur verða að setja fram tvær varaóskir** um valgreinar sem þeir geta hugsað sér að taka ef skólinn getur ekki orðið við óskum þeirra um valgreinar. Varaóskir merkja nemendur með því að setja 2 og 3 í kassana.